


# Lestur er lífsins leikur

Læsisstefna Víðistaðaskóla



Markmið með útgáfu Læsisstefnu Víðistaðaskóla er að auðvelda aðgengi að haldbærum upplýsingum sem tengjast lestri og lestrarkennslu í skólanum.

# Efnisyfirlit

Hvers vegna er lestur mikilvægur?.....	5
Kennsluaðferðir .....	5
Hljóðaaðferð.....	5
Orðaaðferðin.....	5
Samlestur.....	5
Raddlestur .....	5
Bergmálslestur.....	5
Kórlestur .....	6
Paralestur .....	6
Víxllestur.....	6
Að skrifa sig til læsis.....	6
Endurtekinn lestur.....	6
Gagnvirkur lestur, lesskilningur – meginþættir:.....	6
Til að lífga upp á gagnvirkan lestur má nota eftirfarandi persónur:.....	7
Málörvunarefni og flokkun efnisins eftir málþáttum.....	7
Lestrarsprettir.....	7
Lestrarmenning.....	8
Yndislestur .....	8
Nestislestur .....	8
Lestrarvinir.....	8
Litla og stóra upplestrarkeppnin.....	8
Sumarlestur.....	8
Heimalestur .....	8
Hlutverk foreldra.....	9
Skráning á heimalestri .....	9
Skimanir og próf .....	9
Lesfimi – lesferill.....	9
Lesfimipróf og stuðningspróf .....	10
Orðarún – lesskilningur .....	10
LOGOS – lesskimun.....	11
Lestrarferfiðleikar .....	11
Þjálfunarefni og yndislestur (mismunandi markmið) .....	11

<b>Yfirlit yfir framkvæmd Læsisstefnunnar .....</b>	<b>12</b>
<b>Átök og sprettir .....</b>	<b>14</b>
<b>Kjörbækur árganga .....</b>	<b>15</b>
<b>Tenglar frá MMS til forráðamanna.....</b>	<b>16</b>

## Hvers vegna er lestur mikilvægur?

Nemendur:

- lesa til að skilja fortíðina
- lesa til að kanna heiminn
- lesa til að skipuleggja framtíðina
- lesa til að skapa nýja hluti
- lesa til að taka rétta ákvörðun
- lesa til skemmtunar
- lesa til að þjálf hugann
- lesa til að eiga samskipti

## Kennsluaðferðir

Lestur er ein flóknasta hugræna aðgerð sem börn þurfa að ná tökum á í lífinu. Lestur er ekki meðfæddur eiginleiki heldur færni sem þarf að þjálf og kenna. Hlutverk kennarans er því ærið, val hans á kennsluaðferðum getur skipt sköpum fyrir nemendur og því æskilegt að kennari beiti þeim aðferðum sem rannsóknir sýni að skili árangri (raunprófaðar). Mikið safn upplýsinga varðandi lestur má m.a. finna á [Læsisvefnum](#).

## Hljóðaaðferð

Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Helsti kostur aðferðarinnar er að nemendur læra skilvirka tækni til að lesa ný orð sem koma fyrir í texta.

## Orðaaðferðin

Byggist á því að börn læri að þekkja ritháttarmyndir algengra orða í tungumálinu. Fyrst eru orðin fest í minni svo er unnið með þau í setningum og orðasamböndum.

## Samlestur

Ákveðið efni er valið og lesið saman. Texta getur t.d. verið varpað upp á tjald eða lesinn úr bók. Unnið er með lykilhugtök, orð og orðmyndir. Samlestur eykur orðaforða og lesskilning.

## Raddlestur

Raddlestur er mikilvægur til að auka leshraða og æfa réttar áherslur í lestri í tengslum við flæði í lestri. Æskilegt er að nemendur vinni með texta þar sem þeir þekkja 90% af orðunum. Æfa þarf sérstaklega orð með tvöföldum samhljóða.

## Bergmálslestur

Kennari les og nemendur lesa strax á eftir sama texta. Hægt að nýta sem paravinnu.

### **Kórlestur**

Aðferðin byggir á endurteknum lestri og hentar bæði í minni og stærri hópum. Ýmist lesa allir saman eða tveir og tveir skiptast á að lesa. Kórlestur getur líka verið notaður í hópi til að æfa lestrartækni sem snýr að því að æfa framsögn, túlka textann með hljóðfalli, lestrartóni, tilfinningu og pásum.

### **Paralestur**

Nemendur vinna tveir og tveir saman. Þeir skipta textanum á milli sín og lesa til skiptis. PALS (pör að lesa saman) er aðferð sem hefur reynst vel í paralestri.

### **Víxllestur**

Í víxllestri vinna tveir og tveir saman. Báðir eru með sama texta og skiptast á að lesa. Í heilum bekk er víxllestur oft notaður sem punktalestur.

### **Að skrifa sig til læsis**

Aðferðin gengur út á að þróa lestur í gegnum skrift, fyrst í gegnum tölvu en svo með aukinni getu með því að skrifa á blað. Að skrifa sig til læsis er þjálfun í umskráningu orðaforða og lesskilningi.

### **Endurtekinn lestur**

Er talinn hafa veruleg áhrif á sjónrænan orðaforða, umskráningu og hraða og þar með bæta lesfimi nemenda. Markmiðið með þjálfuninni er að nemandi festi orðin í minni, bæti flæði og auki hraða þegar samfelldur texti er lesinn. Endurtekinn lestur styður við lesskilning þar sem nemandinn getur einbeitt sér betur að innihaldi textans þegar hann hefur lesið hann oft en einu sinni.

### **Gagnvirkur lestur, lesskilningur – meginþættir:**

- Að taka saman meginatriði efnisins
- Að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- Að leita að skýringum á hugtökum
- Að spá fyrir um framhald texta

**Til að lífga upp á gagnvirkan lestur má nota eftirfarandi persónur:**

**Kúreki:** Snarar utan um allt. Hvað gerðist fyrst í sögunni, í miðjunni og hvað gerist að lokum? Söguþráður.

**Fréttamaður:** Býr til spurningar úr efninu á meðan lesið er.

**Spæjari:** Leitar að orðum sem þarf að útskýra nánar.

**Spákona:** Spáir fyrir um hvað gerist næst í sögunni.

**Listamaður:** Býr til myndir og upplifanir í tengslum við það sem maður sér, heyrir og finnur.

## **Málörvunarefni og flokkun efnisins eftir málþáttum**

Málproski er undirstaða lesskilnings og því mikilvægt að aðgengi að slíku efni sé til staðar. Á bókasafni skólans er málörvunarefni flokkað eftir málþáttum (litamerkt).

- Málfræði/setningaupbygging
- Frásögn
- Heyrnær úrvinnsla og hlustun ( tengist málskilningi)
- Viðeigandi boðskipti
- Orðaforði og málskilningur
- Hljóðkerfi og framburður

Ákveðið málörvunarefni getur fallið undir fleiri en einn flokk (og fær því fleiri en eina merkingu).

Málörvunarefni skólans er fjölbreytt og samanstendur m.a. af Super duper spilum sem geta m.a. verið tilvalin í hringekjuvinnu og fjölbreytta þjálfun ekki síst á yngsta stigi, með erlendum nemendum og í ensku kennslu á miðstigi og unglingastigi.

## **Lestrarsprettir**

### **Fjögurra vikna námskeið eða lengri- leiðbeiningar fyrir kennara**

Nemandinn á að lesa 3 - 4 daga í hverri viku. Nemandinn les sama texta tvo daga í röð og síðan fær hann nýjan texta. Mikilvægt að nemandi þekki 90% af orðunum í textanum.

Nauðsynlegt er að vera búinn að velja alla textana áður en námskeiðið byrjar.

Nemandinn les textann upphátt eins hratt og hann getur.

Nemandinn les sama texta þrjár umferðir og hver umferð á að vera ein mínúta.

Þegar nemandinn er búinn að lesa fyrstu umferðina merkir hann við þar sem hann stoppaði (t.d. 1. umferð gulur, 2. umferð rauður, 3. umferð grænn). Þetta á nemandinn að gera í hvert skipti. Möguleiki er á því að nemandinn telji orðin fyrir hverja umferð og skrái hvað hann las mörg orð. Gott er að gera þetta þegar lesturinn er búinn ef tími gefst.

Ef nemendur eru tveir og tveir saman þá á annar að byrja að lesa og hinn tekur tímenn.

**Þjálfun heima og í skóla er lykilatriði til að ná árangri í lestrarnámi.**

## **Lestrarmenning**

### **Yndislestur**

Nemendur velja sér bók (bakkabók) og lesa í hljóði í 15 – 20 mínútur á dag.

### **Nestislestur**

Æskilegt er að kennarar lesi fyrir nemendur frá 1. – 7. bekk. Tilgangur lestursins er að skapa gæðastund með nemendum, auka orðaforða þeirra og athygli. Kynna fyrir þeim lestrarflæði með tilheyrandi áherslum, hikum og þögnum.

### **Lestrarvinir**

Lestrarvinir lesa fyrir hvorn annan, leiðbeina og hvetja til skiptis. Lestrarvinir mega merkja við í lestrarhefti nemenda.

### **Litla og stóra upplestrarkeppnin**

4. bekkur tekur þátt í litlu upplestrarkeppninni og 7. bekkur í stóru upplestrarkeppninni.

Leiðarljós keppinnar er að bæta árangur í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu.

### **Sumarlestur**

Foreldrar eru hvattir til að taka þátt með börnum sínum í hinum ýmsu sumarlestrarátökum á bókasöfnum og víðar. Einnig er mikilvægt að kynna sér

Læsisvefinn sjá [skólinn og heimilin](#).

### **Heimalestur**

Markmið með heimalestri er að auka þjálfun í lestri. Góður stuðningur heima skiptir miklu máli. Forráðamenn eru góðar fyrirmyndir þegar kemur að bókalestri. Miðað er við að nemandi lesi upphátt heima að minnsta kosti 5 sinnum í viku.



## Hlutverk foreldra

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2013) ber foreldrum að taka þátt í námi og starfi barna sinna og axla ábyrgð á menntun þeirra en forsenda þess er gott samstarf og upplýsingagjöf á milli heimilis og skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 45). Heimalestri skal sinnt fimm sinnum í viku. Nemendur lesa upphátt fyrir fullorðinn aðila í 10 – 15 mínútur.

## Samvinna um læsi

Þennan tengil þarf að senda til forráðamanna að hausti á yngsta- og miðstigi og vekja athygli á kynningarmyndböndum um *Samvinnu um læsi, Bergmálslestri, Kórlestri, Víxllestri* og *Gagnvirkum lestri*.

## Skráning á heimalestri

Markviss skráning á heimalestri veitir yfirsýn yfir ástundun nemenda í lestri. Skráning í lestri er þáttur í samstarfi milli heimilis og skóla.

## Skimanir og próf

Allir grunnskólar á Íslandi hafa aðgang að greinandi prófum og öðrum matstækjum sem gera það að verkum að hægt er að fylgjast með þróun og framförum á tilteknum þáttum náms. Notkun matstækja auðveldar öll inngrip og leiðsögn þannig að nemandinn fái kennslu við hæfi. Þau próf sem spá fyrir um hugsanlega lestrarerfiðleika eru til dæmis: Lesferill, lesskimunarprófið LOGOS, Orðarún lesskilningspróf og málproskapróf.

Mælitæki eins og þessi geta reynst afar gagnleg hjálpartæki frá upphafi skólagöngu og í gegnum þau tíu ár sem nemandinn staldrar við í grunnskólanum og auka þau verulega á að gripið verði inn í frávík með skipulegum aðgerðum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 58).

## Lesfimi – lesferill

**Lesferill – lesskimun fyrir 1. bekk** (*áður Leið til læsis*).

Lesskimunin er lögð fyrir í október í 1. bekk.

Lesskimunin felur í sér einstaklingsmiðaða athugun á undirstöðufærni nemenda í lestri:

- **Málproski**
  - Skilningur á setningum
  - Hugtakaskilningur

- **Bókstafir og hljóð**
  - Stafabekking
  - Tengja bókstaf við hljóð
- **Hljóðkerfisvitund**
  - Greina rím
  - Greina hljóð í orðum
  - Hljóðtenging
  - Hljóðeyðing

Niðurstöður birtast fyrir hvert svið á forminu: Áhætta 1, áhætta 2, óvissa, utan áhættu.

### **Lesfimiþróf og stuðningsþróf**

Um er að ræða fjögur þróf sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Hér er um að ræða lesfimiþróf, sem má segja að séu grunnþróf, síðan eru það svonefnd stuðningsþróf sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina.

Stuðningsþrófin eru: Þróf í sjónrænum orðaforða, þróf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf.

Stuðningsþrófin eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttáð, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

Lesfimiþróf í öllum árgöngum eru lögð fyrir í september, janúar og maí. [Hér er nýr matsrammi fyrir lesfimi.](#)

### **Orðarún – lesskilningur**

Orðarún er staðlað lesskilningsþróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö þróf eru fyrir hvern árgang. Hvert þróf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Þrófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni að:

- Greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- Draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- Átta sig á meginefni texta
- Útskýra orð og orðasambönd

Fyrirlagnartími Orðarúnar er í janúar (þróf 1) og maí (þróf 2).

Kennarar geta notað niðurstöður maíþrófs fyrra árs við skipulagningu kennslu að hausti (t.d. niðurstöður úr maí í 3. bekk notaðar að hausti í 4. bekk).

Prófið er verkfæri fyrir kennara til að meta lesskilning og er ætlað að vera leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemendur í námi.

### **LOGOS – lesskimun**

LOGOS greiningarprófið er tölvutækt próf til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika.

Prófið er lagt fyrir af sérkennurum. Prófið er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. LOGOS inniheldur tvo prófaflokka: Prófaflokkur 1 (3.- 5. bekkur) og prófaflokki 2 (6.-10. bekkur og fullorðnir).

Í 3. bekk er allur árgangurinn skimaður með LOGOS í janúar til febrúar.

Í 6. bekk er allur árgangurinn skimaður að hausti.

Í 8. bekk er allur árgangurinn skimaður að vori.

Unnið er sérstaklega úr niðurstöðum þessara skimana varðandi þá nemendur sem koma út með áhættupætti.

### **Lestrarerfiðleikar**

Lestrarerfiðleikar er yfirhugtak sem vísar til vandamála í lestri hverjar sem orsakirnar eru.

Ef grunur er um lestrarerfiðleika hjá nemanda skiptir máli að skoða

bakgrunnsupplýsingar, niðurstöður skimana og prófa. Í framhaldinu er brugðist við með röðun í færnimiðuðum lestrarhópum.

### **Þjálfunarefni og yndislestur (mismunandi markmið)**

Lestur felur í sér endurtekna þjálfun til þess að ná árangri. Þess vegna er mikilvægt að skilgreina hvaða lesefni er þjálfunarefni, til að auka hraða, lesa oft eða allavega oft en einu sinni. Þjálfunarefni getur verið stýrt val af kennara.

Yndislestur felur í sér lesefni til að njóta eða fræðast og til annars konar úrvinnslu.

Nemendur velja sjálfir yndislestrarefni, það geta líka verið kjörbækur í ákveðnum tilgangi.

## Yfirlit yfir framkvæmd Læsisstefnunnar

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Lesið <u>upphátt</u> í skóla flesta daga	X	X	X	X	X	X	X			
Paralestur eða býflugnalestur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Framsagnarlestur-sérstök áhersla				X			X			X
Yndislestur að morgni/frjáls lestur	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku	5x í viku
Nestislestur /hljóðbók.	X	X	X	X	X	X	X			
Lestraráttak 1x á önn	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Unnið með hljóðkerfisvitund	X	X	X	X						
Lesferill – hraðlestrarpróf (skólagáttin í sept. jan og maí)	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári	3x á ári

Lesfímiviðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið	Viðmið
Menntamálastofnunar lesin orð á mínútu	1: 20-54 2: 55-74 3: 75+	1: 40-48 2: 85-99 3: 100 +	1: 55-99 2:100-119 3: 120 +	1: 80-119 2: 120-144 3: 145 +	1: 90-139 2: 140-159 3: 160 +	1: 105-154 2: 155-174 3: 175 +	1: 120-164 2: 165-189 3: 190 +	1:130-179 2:180-209 3: 210 +	1:140-179 2:180-209 3: 210 +	1:145-179 2:180-209 3: 210 +
Eftirfylgni eftir hraðlestrarpróf lestrarátök/hraðlestrarnámskeið	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Leið til læsis - lesskimun	X									
Lesskilningspróf – Orðarún í janúar og maí			X	X	X	X	X	X		
LOGOS - lesskimun			X			X		X		
Heimalestur 5 daga – sér lestrarbók	X	X	X	X	X	X	X			
Heimalestur í faggreinum								X	X	X

Læsisstefna Víðistaðaskóla tekur mið af lestrarstefnu Hafnarfjarðar „Lestur er lífsins leikur“.

## Átök, sprettir og annar lestur

Átök og sprettir	Haustönn				Vorönn			
	Heima	Mán.	Skóli	Mán.	Heima	Mán.	Skóli	Mán.
1. bekkur			K-Pals	nóv. -des.	Elva Ólafs 1	mars-apríl	Paralestur	
2. bekkur	Elva Ól. 2 lessk.verk.	okt.	Býflugnalestur	nóv.	Eitt skref í einu 1-4	Mars-apríl	Paralestur	mars-apríl
3. bekkur	Elva Ól. 3 lessk.verk.	okt.	Býflugnalestur	nóv.	Eitt skref í einu verkefni 1-5	mars-apríl	Býflugnalestur/ paralestur	feb.
4. bekkur	Elva Ól. 4 lessk.verk./	okt.	Býflugnalestur Arthur konungur - lesskiln.	nóv.	Framsögn litla upplestrarkeppnin	mars -apríl	Framsögn litla upplestrarkeppnin	feb.
5. bekkur	Taka upp heimalestur - skila í spjaldi. Lesi bók og kynna.	okt.	Býflugnalestur Yndislestur	sept.-okt.	Lesskilningsverkefni Litabækur af skólavef	mars -apríl	Gagnvirkur lestur	Feb.-mars
6. bekkur	Taka upp heimalestur - skila í spjaldi. Lesi bók og kynna.	okt.	Býflugnalestur Yndislestur	sept.-okt.	Lesskilningsverkefni Litabækur af skólavef	mars -apríl	Gagnvirkur lestur	feb.-mars
7. bekkur	Taka upp heimalestur - skila í spjaldi. Lesi bók og kynna.	okt.	Býflugnalestur Yndislestur	sept.-okt.	Lesskilningsverkefni Litabækur af skólavef	mars -apríl	Framsögn stóra upplestrarkeppnin	mars
8. bekkur	Smásagnasmáræði Laxdæla		Býflugnalestur Yndislestur 20 mín. á dag		Garðurinn ( <b>geyma</b> ) Akam, ég og Annika		Yndislestur 20 mín. á dag	
9. bekkur	Gísla saga Ljóð		Hraðlestrarnámskeið Yndislestur 20 mín á dag		Úr myrkrinu Smásagnasmáræði		Yndislestur 20 mín. á dag	
10. bekkur	Grafarþögn		Yndislestur 20 mín. á dag		Ungfrú Ísland ( <b>ath.</b> ) Maður sem heitir Ove		Yndislestur 20 mín. á dag	

Sameiginlegt lestrarmararþon í skóla hefst ár hvert 16. nóv. og stendur fram að jólasamsöng Víðistaðaskóla.

\*Þjálfunarefni (hefti eða bók) getur verið stýrt val af kennara. Markmið að efla leshraða, lesa sama texta oftár en einu sinni.

\*Yndislestur felur í sér lesefni til að njóta eða fræðast og til annars konar úrvinnslu. Nemendur velja sjálfir yndislestrarefni, það geta líka verið kjörbækur í ákveðnum tilgangi.

## Kjörbækur árganga

Kjörbækur	Haustönn	Mán.	Vorönn	Mán.
<b>1. bekkur</b>	Ljóð Handbók fyrir ofurhetjur		Blómin á þakinu	
<b>2. bekkur</b>	Ljóð Pappírs Pési		Ævintýri Fíasól er flottust	
<b>3. bekkur</b>			Ástarsaga úr fjöllumum	
<b>4. bekkur</b>	Sagan af bláa hnettinum – leikrit og verkefnahefti til			
<b>5. bekkur</b>	Orrí óstöðvandi 2 - verkefni til		Leikur á borði	
<b>6. bekkur</b>	Af hverju ég? rafbók - verkefni til Rosalingarnir – verkefni til á bókasafni		Fólkið í blokkinni og þættir á <a href="https://www.youtube.com/watch?v=VZjiNRxZDdl">https://www.youtube.com/watch?v=VZjiNRxZDdl</a>	
<b>7. bekkur</b>	Benjamín dúfa- verkefnahefti er til á sameign 7.bekkur 2021-2022 SDF SJ VIP - Íslenska – Benjamín dúfa, verkefnabók.  Leyndardómur ljónsins-verkefni unnið út frá eigin upplifun nemenda á Reykjum		Loforðið - bekkjarsett til  Leyndardómur ljónsins- verkefni unnið út frá eigin upplifun nemenda á Reykjum	
<b>8. bekkur</b>	Smásagnasmáræði (valdar sögur) Laxdæla		Garðurinn (geyma) Akam, ég og Annika – léttlestrarbók og verkefni til	
<b>9. bekkur</b>	Gísla saga Ljóð		Úr myrkrinu Smásagnasmáræði (valdar sögur)	
<b>10. bekkur</b>	Grafarþögn		Ungfrú Ísland (athuga með að skipta út) Maður sem heitir Ove	

\*Þjálfunarefni (hefti eða bók) getur verið stýrt val af kennara. Markmið að efla leshraða, lesa sama texta oft en einu sinni.

\*Yndislestur felur í sér lesefni til að njóta eða fræðast og til annars konar úrvinnslu. Nemendur velja sjálfir yndislestrarefni, það geta líka verið kjörbækur í ákveðnum tilgangi.

## Tenglar frá MMS til forráðamanna

Tenglar	Í upphafi haustannar- sept.	Í upphafi vorannar - janúar
1.- 2. bekkur	<a href="#">Samvinna um læsi</a> , <a href="#">Stafa og hljóðavinna</a> , <a href="#">Bergmálslestur</a>	<a href="#">Samvinna um læsi</a> , <a href="#">Stafa og hljóðavinna</a> , <a href="#">Bergmálslestur</a>
3. -4. bekkur	<a href="#">Samvinna um læsi</a> , <a href="#">Stafa og hljóðavinna</a> , <a href="#">Bergmálslestur</a> , <a href="#">Kórlestur</a>	<a href="https://laesisvefurinn.is/lestrarmenning/skolinn-og-heimilin/samvinna-um-laesi/">https://laesisvefurinn.is/lestrarmenning/skolinn-og-heimilin/samvinna-um-laesi/</a>
5. – 7. bekkur	<a href="#">Bergmálslestur</a> , <a href="#">Kórlestur</a>	<a href="https://laesisvefurinn.is/lestrarmenning/skolinn-og-heimilin/samvinna-um-laesi/">https://laesisvefurinn.is/lestrarmenning/skolinn-og-heimilin/samvinna-um-laesi/</a>